



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 128/100 r**  
**komudagur 11.3.2003**

7. mars 2003

Nefndasvið Alþingis,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

*Efni:* Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum, 398. mál, flatur skattur.

Visað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 21. febrúar 2003, þar sem óskað er eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp til laga.


Í frumvarpinu er lagt til að hætt verði að miða hlutfall erfðafjárskatts við sifjatengsl erfingja og arfleiddanda og þess í stað lagður flatur 5% erfðafjárskattur á alla erfingja, hver sem sifjatengslin eru. Áfram er þó gert ráð fyrir að af arfi sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt verði enginn erfðafjárskattur greiddur, svo og arfi sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga. Sama gildir um arf sem fellur til sambýlismaka samkvæmt arfleiduskrá. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiddur verði 5% erfðafjárskattur af fyrrgreindum arfi. Gert er ráð fyrir að með 5% erfðafjárskatti fáiast nægjanlegt fé til að standa undir kostnaði af skiptum hvers dánarbús fyrir sig.


Flutningsmenn frumvarpsins álíta, að með innheimtu erfðafjárskatts sé skattlagning í raun tvöföld þar sem búið sé að greiða skatt af þeim fjármunum og verðmætum sem erfast. Samkvæmt núgildandi lögum séu erfingjar látnir greiða mismikla skatta af arfinum.

Í greinargerð með frumvarpinu koma fram upplýsingar yfir innheimtu erfðafjárskatts á árunum 1990-1999. Upplýsingar vantar um innheimtu skattsins næstu ár á eftir. Ennfremur vantar allar upplýsingar um hvaða áhrif frumvarpið, verði það að lögum, hafi á afkomu og greiðslur til ríkissjóðs.

Á grundvelli þessa annmarka tekur Seðlabanki Íslands ekki afstöðu til frumvarps þessa.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Eiríkur Guðnason,  
bankastjóri.

  
Þingimundur Friðriksson,  
bankastjóri.

SEÐLABANKI ÍSLANDS